

Ársskýrsla öryggishóps Skýrslutæknifélags Íslands 2017

Í stjórn hópsins 2017-2018 sátu 7 kraftmiklir einstaklingar sem allir komum að skipulagningu viðburða ársins:

- Bergsteinn Karlsson, Syndis
- Ingimar Örn Jónsson, Háskóli Íslands
- Ingvar Páll Ingason, IT ráðgjafi
- Jón Finnbogason, Síminn
- Kristján Valur Jónsson, Póst- og fjarskiptastöfnun
- Sigurður Emil Pálsson, Innanríkisráðuneyti
- Sigurður Másson, Advania

Á starfsárinu voru haldnir þrjú hádegisverðarfundir, auk reglulegra stjórnarfunda en þeir eru opnir öllum meðlimum hópsins. Hádegisverðarfundirnir voru:

- „Öryggi upplýsingakerfa hins opinbera“, haldinn 8. mars 2017. Á fundinum var fjallaðu um hvernig algengustu árásir á kerfi hins opinbera fara fram. Útskýrðar voru helstu hættur sem og hvað er hægt að gera til að bregðast við þeim. Á fundinum fluttu framsögur Charlie Eriksen, Syndis, Kristján Valur Jónsson, Netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar, Áki Hermann Barkarson, Advania, Guðbjörn Sverrir Hreinsson, Síminn og Svavar Ingi Hermansson. Mæting á fundin var mjög góð eða 148 manns.
- „Veður og vindar í öryggisheimum?“, haldinn 18 október 2018. Á fundinum var farið yfir nýjar og auknar áherslur á netöryggi í Evrópu, hvernig bregðast skuli við öryggisatvikum, að hverju ber að huga við gerð öryggisstefnu, þ.e. einskona veðurfréttir um þær öryggisógnir sem helst steðja að okkur í dag. Framsögur fluttu Sigurður Emil Pálsson, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti/Netöryggisráð, Svavar Ingi Hermansson, Security.is, Daði Gunnarsson, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Guðmundur Stefán Björnsson, Sensa. Á fundinn mættu 110 manns
- „Þróun í tölvurekstri“, haldinn 22 nóvember 2018. Farið var yfir ýmsa þætti í þróun tölvurekstrar. Hvaða tækifæri eru á Íslandi í miðlægum rekstri og hvert stefnir varðveisla gagna. Einnig var farið í gegnum rekstur tölvukerfa frá sjónarhorni öryggisstjórans. Framsögur fluttu Valdimar Óskarsson, Syndis, Anastasia Alexandrivna, Opin kerfi og Steindór Arnar Jónsson, Advania. 103 fundargestir mættu á viðburðinn.

Er óhætt að segja að starf öryggishópsins hafi verið gróskumikið á starfsárinu og fundir hans og uppákomur hafa jafnan hlotið mikla athygli. Framundan er spennandi starfsár, þar sem mikið er að gerast í tölvuöryggismálum í tengslum við innleiðingu nýrra laga og reglugerða.

Reykjavík, 27. febrúar 2018,
f.h. öryggishóps Skýrslutæknifélags Íslands, Sigurður Másson, formaður